

Þingnefnd 1

Samstarfsvettvangur hugverkagreina – samstarf við stjórnvöld/þing – eitt atvinnuvegaráðuneyti

Markmið verkefnis: Árangursríkt samstarf hugverkagreina, stjórnvalda og þingmanna með markvissa uppbyggingu atvinnulífs að leiðarljósi.

Hvers vegna þetta verkefni: Verulega skortir á straumlínulögun starfs- og stuðningsumhverfis og framgang umbótaverkefna. Stofnanakerfið er flókið og sundurlaust með tilheyrandi erfiðleikum í uppbyggingu nýsköpunarfyrirtækja. Með auknu samstarfi og straumlínulögun stoðkerfisins með þarfir fyrirtækjanna í huga er hægt að ná árangri í uppbyggingarhraða þeirra og auka arðsemi fjármuna sem lagðir eru í stoðkerfið.

Leiðir: Endurskoða núverandi samstarf hugverkagreina og stjórnvalda, gera tillögu og koma í framkvæmd nýju skipulagi með þarfir atvinnulífsins í huga. Eitt atvinnuvegaráðuneyti getur haft mikil áhrif til að jafna stöðu atvinnugreina landsins. Þá er ekki átt við landbúnað, sjávarútveg og iðnað. Setja inn „facilitator“ meðan á umbreytingum stendur. Aðkoma mikilvægustu hagsmunaaðila verði tryggð.

Greinargerð: Á undanförunum árum hefur verið efnt til Hátækni- og sprotapings annað hvert ár. Tilgangurinn hefur verið að skapa milliliðalaus umræðu milli þeirra sem starfa við uppbyggingu nýsköpunarfyrirtækja, stoðkerfis, stjórnvalda og þingflokka. Reynslan af þessu hefur verið góð en áfram þarf að styrkja samskiptin þannig að það skili sér í betra starfsumhverfi nýsköpunarfyrirtækja.

Verkþættir og vörður verkefnis:

1. Halda áfram að þróa og efla Hátækni- og sprotavettvang og Tækni- og hugverkaping sem umræðu- og samstarfsvettvang atvinnulífs, stjórnvalda, stoðkerfis og þingflokka á Alþingi.
2. Að þingflokkar taki virkan þátt í stefnumótunarstarfi nýrra starfsgreina á tækni- og hugverkasviðum.
3. Eitt atvinnuvegaráðuneyti til að jafna vægi og aðstöðu atvinnugreina.
4. Endurbæta verklag við framkvæmd umbóta í starfsumhverfi fyrirtækja t.d. varðandi eflingu samkeppnissjóða, skattalega hvata, menntamál ofl. (sjá tillögur í öðrum þingnefndum).

Kostnaður: Kostnaður við bætt samskipti og skipulag er óverulegur – jafnvel felur eitt atvinnuvegaráðuneyti í sér sparnað og betri nýtingu fjármuna

Áhrif: Bætir allar forsendur ákvarðanatöku og skilar fyrr umbótum í starfsumhverfi nýsköpunarfyrirtækja. Réttar ákvarðanir byggðar á réttum upplýsingum leiða af sér betri nýtingu á þekkingu og fjármunum, hraðari uppbyggingu atvinnulífsins og aukna verðmætasköpun.

Þingnefnd 2 - Bætt hagtolugerð

Markmið verkefnis: Bæta íslenska hagtolugerð, ekki síst í nýjum vaxtargreinum.

Hvers vegna þetta verkefni: Verulega skortir á góðar upplýsingar um þróun nýrra greina í atvinnulífinu. Aðgengi að slíkum upplýsingum er takmarkað þar sem skortir skipulag og markvissa úrvinnslu gagna með þeim afleiðingum að tiltækir gagnagrunnar eru ósamhæfðir og gögnin ekki vistuð á því formi sem þarf til að draga fram upplýsingar sem skortir.

Leiðir: Með því að samhæfa gagnagrunna, gagnaöflun og skipuleggja úrvinnslu gagna frá fyrirtækjaskrá, virðisaukaskrá, staðgreiðsluskrá og tollskrá auk viðbótargagna frá Hagstofunni og Rannís má ná miklum árangri.

Greinargerð: Á fundum stjórnvalda (ráðuneyta), fulltrúa Hátækni- og sprotavettvangs og SI með fulltrúum sprotafyrirtækja, NMÍ, Rannís, Hagstofu Íslands o.fl. hefur verið leitað leiða til að afla betri upplýsinga um atvinnulífið. Sérstaklega upplýsingum um veltu, útflutning, R&B og fjölda starfa eftir greinum sem flokkaðar eru skv. alþjóðlegu ISAT kerfi. Helstu gagnagrunnar eru fyrirtækjaskrá, virðisaukaskrá, staðgreiðsluskrá og tollskrá. Þessir gagnagrunnar eru vannýttir sem tæki til upplýsingaöflunar og úrvinnslu með hliðsjón af ofangreindum markmiðum. Núverandi fyrirkomulag veldur því m.a. að fyrirtæki geta verið skráð á þrjá ólíka vegu í þessum gagnagrunnum auk þess sem misbrestur getur verið í ISAT-flokkun fyrirtækjanna sem torveldar úrvinnslu gagna eftir atvinnugreinum. Með aukinni samhæfingu gagnagrunna og samkeyrslu væri hægt að ná mun betri upplýsingum um stöðu atvinnugreina og þróun án þess að íþyngja fyrirtækjum með viðbótarfyrirspurnum. Jafnvel mætti bæta þjónustuna við fyrirtækin umtalsvert, ná fram sparnaði og betri upplýsingum um atvinnulífið.

Verkþættir og vörður verkefnis:

1. Samræma fyrirtækjaskrá, virðisaukaskrá og staðgreiðsluskrá.
2. Skrárnar ættu allar að vera á sömu skrifstofu og heimasíðu. Deildirnar gætu haldið annarri starfsemi óbreyttri.
3. Til verður rekstrarskrá lögaðila þar sem allir lögaðilar með rekstur skrá sig, skila VSK og staðgreiðslu skv. tillögum hér að neðan. Af þessu yrði mikil hagræðing en núna fer t.d. skráning samvinnu- og samlagsfélaga fram hjá sýslumanni en ekki fyrirtækjaskrá.
4. Bæta og samræma skráningu á eignarhaldi fyrirtækja en reglur um þetta eru ólíkar eftir formi fyrirtækja.
5. Fyrirtækjaskrá þarf að ganga fast eftir því að ISAT skráning rekstrar sé rétt, t.d. með því að ekki sé hægt að skila rafrænum ársreikningi nema ISAT skráning sé uppfærð. Möguleiki á nokkrum ISAT skráningum eftir umfangi og eðli starfseminnar þarf að vera fyrir hendi og einfaldur í framkvæmd m.t.t. þess að starfsemi fyrirtækis getur eðlilega fallið undir ólíka flokka.
6. Í ársreikningi verði fyrirtækjum gert skylt að tilgreina hlutfall veltu sem varið er til R&B en bráðum verður heimilt/skylt að eignfæra R&B kostnað.
7. Í virðisaukaskrá er fyrirtækjum gert að gefa upp VSK veltu og hún er sundurliðuð eftir flokkum. Þá er beðið um upplýsingar um starfsemi sem undanþegin er VSK, en þar undir fellur allur útflutningur. Það er mikilvægt að vita hve hátt hlutfall af veltu útflutningur fyrirtækja er og því er lagt til að undir liðnum „velta starfsemi sem er undanþegin VSK“ verði flípi sem skylt er að fylla út sem segi „þar af útflutningur“
8. Staðgreiðsluskrá mætti bæta við kvöð um að tilgreina starfsstöð og starfshlutfall starfsmanna sem hefja störf eða breyta um starfshlutfall og/eða starfsstöð. Þetta er ekki íþyngjandi því einungis þarf að gera það einu sinni fyrir hvern starfsmann.

Kostnaður: Hagstofan hefur verið beðin um kostnaðarmat á verkefninu, en það liggur ekki fyrir. Lauslegt mat er að kostnaður gæti legið á bilinu 30–50 millj. kr.

Áhrif: Bættir forsendur ákvarðanatöku og gerir árangur sýnilegri en nú er. Réttar ákvarðanir byggðar á réttum upplýsingum leiða af sér betri nýtingu fjármuna og eykur árangur í uppbyggingu í atvinnulífinu – ekki síst í tækni- og hugverkagreinum. Sparnaður hjá Hagstofu Íslands yrði umtalsverður vegna minnkandi mannafla við leiðréttingar á gögnum milli gagnagrunna skattayfirvalda og Hagstofu. Ennfremur má sjá fyrir sér sparnað við öflun gagna varðandi þjónustuútflutning og hugsanlega þjónustukaup erlendis frá.

Þingnefnd 3

Tækniþróunarsjóður eflur í 4 milljarða – efling Brúarstyrkja

Markmið verkefnis: Efla vænleg og arðsöm rannsókn- og þróunarverkefni fyrirtækja með verðmætasköpun að leiðarljósi.

Hvers vegna þetta verkefni: Einföld, fljótleg og árangursrík leið til að efla nýsköpun í atvinnulífinu og efla tækni- og hugverkagreinar.

Leiðir: Gera atlögu að því að koma málinu í verk frá og með fjárlögum ársins 2012. Hagræða á móti í málaflokkum sem miða að því að halda opinberum aðilum á föstum fjárlögum og niðurgreiðslum án hvata til nýsköpunar.

Greinargerð: Málið hefur verið margrætt, m.a. á Hátækni- og sprotabingum 2005, 2007 og 2009, og stendur alls staðar upp úr sem forgangsmál í stefnumótun starfsgreina í tækni- og hugverkagreinum. Nýleg úttekt á starfsemi Tækniþróunarsjóðs sýnir mikinn árangur og aukna arðsemi af starfsemi sjóðsins. Sem dæmi má m.a. nefna að þau fjögur sprotafyrirtæki sem hlotið hafa viðurkenningu Vaxtarsprotans á s.l. fimm árum hafa öll hlotið styrki hjá Tækniþróunarsjóði við þróun sinna afurða. Þrátt fyrir það hefur gengið erfiðlega að efla sjóðinn á fjárlögum undanfarin ár. Verulega hefur því dregið úr líkum umsækjenda til að hljóta stuðning og sífellt fleiri greinum hefur verið sigað á sjóðinn án þess að fjármunir hafi fylgt með. Fjárhæðir styrkja hafa farið lækkandi og fyrirhöfn við að sækja um vaxið með auknum kröfum og samkeppni um takmarkaða fjármuni.

Með sama áframhaldi er stutt í að umsækjendur missi trúna á þetta stuðningsfyrirkomulag með tilheyrandi fækkun góðra verkefna og lakari árangri. Þetta er þróun sem verður að koma í veg fyrir.

Verkþættir og vörður verkefnis:

1. Hefja markvissa uppbyggingu sjóðsins frá og með fjárlagagerð ársins 2012.
2. Að sjóðurinn verði þrefaldaður (tveir milljarðar) strax á árinu 2012 og eflur í fjóra milljarða til ársins 2014.
3. Hækka verkefnastyrki í hámarksstyrk 50 m. kr.
4. Efla Brúarstyrki til markaðs- og kynningarstarfs hugverkagreina.
5. Auka styrkhlotfall - styrkja fleiri góð verkefni.
6. Þrjár nýjar markáætlanir: a) heilbrigðistækni b) orkutækni c) upplýsingatækni.

Kostnaður: 1,3 milljarða viðbótar útlagður kostnaður á árinu 2012 sem þó kemur fyrst til útborgunar seinni part árs og á næsta ári þar á eftir. Nettókostnaður er mun minni því stór hluti kostnaðar mun skila sér strax til baka í auknum launaskatti. Þar sem fyrirtæki leggja alltaf a.m.k. 50% á móti framlagi Tækniþróunarsjóðs er frekar um nettótekjuauka að ræða fyrir ríkissjóð. Þá eru ekki tekin með áhrif á fækkun atvinnulausra og veltu þeirra afurða sem verkefnin skila.

Áhrif: Með auknu samstarfi þeirra sem þekkja þarfir og þróa lausnir má auka gæði og lækka kostnað t.d. í opinberri þjónustu. Hraða uppbyggingu vaxtagreina, skapa vellaunuð störf og efla útflutning sem byggir á þekkingu og tækni.

Án efa ein besta fjárfesting sem ríkið getur gert til að efla nýsköpun og atvinnulífið í heild. Bein jákvæð áhrif á greiðsluflæði ríkissjóðs eru fljót að koma fram auk þess að skapa almenna tiltrú ungra og efnilegra frumkvöðla og fyrirtækja á framtíðina á Íslandi. Öflugur Tækniþróunarsjóður væri mun betur í stakk búinn að sinna nýjum vaxtagreinum t.d. í grænni tækni, hönnun og öðrum skapandi greinum en hann er í dag.

Þingnefnd 4

Menntastefna til stuðnings atvinnustefnu – markvissara iðn- og tækninám

Markmið verkefnis: Að móta menntastefnu íslensku þjóðarinnar til stuðnings atvinnustefnu. Þannig að menntastefnan og það fjármagn sem til ráðstöfunar er styðji hvort annað og uppfylli um leið þarfir atvinnulífsins.

Hvers vegna þetta verkefni: Ljóst er að mikill skortur er á iðn- og tæknimenntuðu starfsfólki innan ákveðinna atvinnugreina, s.s. í tölvuleikjaiðnaði, hjá hátæknifyrirtækjum og í hugbúnaðargreinum. Jafnframt er nýliðun í ákveðnum greinum áhyggjuefni, þannig að fyrirsjáanlegur er skortur á menntuðu fólki í ýmsum greinum.

Leiðir: Atvinnulífið þarf að hafa formlega aðkomu að stefnumótun og ákvarðanatöku í menntamálum á öllum skólastigum. Verkefnið er margþætt og hefur snertifleti við fjölmarga hagsmunaaðila, þvert á skólastig og menntastofnanir.

Greinargerð: Til að menntastefna styðji raunverulega við atvinnulífið þarf víðtækara samstarf atvinnulífs, menntayfirvalda og menntastofnana sem hafa raunveruleg áhrif til breytinga. Til að þetta sé hægt er nauðsynlegt að endurskoða ráðstöfun á fjármagni sbr. hugmyndafræði um „betri þjónustu fyrir minna fé“ (sjá þingnefnd 8).

Verkþættir og vörður verkefnis:

Hagsmunaðilar um menntaklasa á Íslandi hefji vinnu við að formgera þverfaglega aðkomu að menntastefnu þjóðarinnar og framkvæmd hennar.

Samstarf og samþætting

1. Komið verði á stefnumarkandi samráðvettvangi háskóla, iðn- og tækniskóla og tækni- og hugverkafyrirtækja.
2. Skoða öll tækifæri til sameininga og samhæfingar háskóla með fækkun stjórneininga, samræmdu námsmáti og sameiginlegu aðgengi að námskeiðum að leiðarljósi. Sérstaklega verði hugað að aukinni samhæfingu tækni-, viðskipta- og hönnunargreina.
3. Bein aðkoma fyrirtækja að kennslu sérhæfðra greina.
4. Samstarf tækni- og hugverkafyrirtækja og háskóla um gerð námsskrár og val nemendaverkefna með það að markmiði að skólarnir starfi á starfssviðum fyrirtækja – niðurstöður rannsókna nýtist með sem beinustum hætti og nemendur öðlist færni sem nýtist þeim þegar námi er lokið.

Bæta iðn- og tækninám þannig að námið verði bæði áhugaverðara og skili færari einstaklingum út í atvinnulífið

1. Efla raungreinamenntun og bæta kennsluaðferðir kennara í grunnskólum.
2. Efla frumkvöðla- og nýsköpunarkennslu og skapandi hugsun – skilning og hvatningu á öllum skólastigum.
3. Auka áherslu á sjálfbærni, umhverfis- og siðferðisvitund.
4. Efla samstarf allra skólastiga við tækni- og hugverkafyrirtæki varðandi kynningarmál, námsefni og kennslu.

Auka fjölda nemenda sem sækja í iðn- og tækninám, bæði fyrir núverandi og framtíðar atvinnulíf, sérstaklega þarf að hvetja stúlkur.

1. Kynning fyrir nemenda: Youtube, jafningjafræðsla, fyrirmyndir, upplýsingagjöf.
2. Kynning fyrir foreldra: fyrirmyndir, upplýsingagjöf.
3. Kynning fyrir kennara og starfs- og námsráðgjafa: efla menntun/stuðning, upplýsingagjöf og samskipti/samstarf.

Kostnaður: Aukin verkleg kennsla í iðn- og tækninámi eykur skammtímakostnað í menntakerfinu en eykur jafnframt hagnað til lengri tíma. Á móti mætti stytta skólakerfið, eitt ár af grunnskóla og eitt af framhaldsskóla.

Áhrif: Öflugra og skilvirkara menntakerfi sem skilar fólki með góða menntun sem nýtist atvinnulífinu, auknum hagvexti til samfélagsins og betri lífskjörum.

Þingnefnd 5

Inspired by Icelandic Innovation

Markmið verkefnis: Vefkynning m.a. innan netsamfélaga á íslenskum hugverkaiðnaði og starfsumhverfi hans til að laða fólk, fyrirtæki og fjárfesta til Íslands og skapa jákvæða ímynd bæði innan lands sem utan.

Hvers vegna þetta verkefni: Einföld leið til að laða fólk og fyrirtæki til landsins, efla nýsköpun í atvinnulífinu og efla tækni-, hugverka og aðrar vaxtargreinar að því gefnu að góð starfsskilyrði séu til staðar (sbr. tillögur í öðrum þingnefndum).

Leiðir: Gera atlögu að því að koma málinu í verk svipað og gert var í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli – Inspired by Iceland. Einföld og snögg framkvæmd sem gæti skilað ávinningi strax. Mikilvægt er þó að koma samtímis á þeim breytingum sem lagðar eru til í öðrum þingnefndum sem fela í sér verulegar umbætur á starfsumhverfinu, þannig að við stöndum undir þeirri ímynda að Ísland sé aðlaðandi og góður staður fyrir fólk og fyrirtæki í tækni- og hugverkagreinum.

Greinargerð: Aðrar þjóðir, t.d. Kanada, vinna markvisst að því að laða til sín framsækin fyrirtæki og hæfileikaríkt fólk með umfangsmikilli kynningarstarfsemi og skattalegri hvatningu. Ísland þarf að styrkja sig verulega í þessari samkeppni um fólk og fyrirtæki framtíðarinnar ef við ætlum að halda uppi líf skjörum og nútímavæddu samfélagi. Ekki skorti á vilja og framkvæmd þegar ógn steðjaði að ferðabjónustunni í kjölfar eldgoss í Eyjafjallajökli. Tækni- og hugverkagreinar hafa glímt við mun stærri vanda í kjölfar bankahrunsins þar sem ímynd Íslands varð fyrir verulegum skakkaföllum. Með samstilltu átaki mætti hefja markvissa endurreisn á ímyndinni í þágu útflutnings og markaðsstarfs þessara greina.

Verkþættir og vörður verkefnis:

1. Skipa vinnuhóp og fullfjármagna verkefnið.
2. Skilgreina innihald, form og framkvæmd.
3. Ráða aðila til að vinna að fagvinnu og framkvæmd verksins.
4. Dreifing með netmiðlum.

Kostnaður: Innan við 50 milljónir.

Áhrif: Gæti átt sinn þátt í að efla uppbyggingu og útflutning tækni- og hugverkagreina á Íslandi og auka fjárfestingu erlendra aðila hér á landi.

Þingnefnd 6

Laða hæfileikaríkt fólk til starfa á Íslandi – hvatar t.d. í skattakerfinu

Markmið verkefnis: Skapa ákjósanlegar aðstæður fyrir sérfræðinga og sérhæft starfsfólk til að flytja til Íslands – styðja við uppbyggingu fyrirtækja sem þarfnast fólks með sérhæfða þekkingu og hvetja þau til áframhaldandi uppbyggingar á Íslandi.

Hvers vegna þetta verkefni: Einföld leið af mörgum til að laða fólk og fyrirtæki til landsins, efla nýsköpun í atvinnulífinu og efla tækni-, hugverkagreinar og aðrar vaxtagreinar. Sporna við brottflutningi þessara fyrirtækja frá Íslandi.

Leiðir: Gera atlögu að því að ná fram breytingum m.a. með nauðsynlegum laga- og reglubreytingum í innflutningslöggjöf ofl. Einföld og snögg framkvæmd sem gæti skilað ávinningi strax.

Greinargerð: Aðrar þjóðir t.d. Kanada og Danmörk vinna markvisst að því að laða til sín framsækin fyrirtæki og hæfileikaríkt fólk með umfangsmikilli kynningarstarfsemi og skattalegri hvatningu. Ísland þarf að styrkja sig verulega í þessari samkeppni um fólk og fyrirtæki framtíðarinnar ef við ætlum að halda uppi lífskjörum og nútímavæddu samfélagi.

Verkþættir og vörður verkefnis:

1. Skipa vinnuhóp.
2. Skilgreina þær laga- og reglugerðabreytingar sem nauðsynlegar eru, þ.m.t. skattahvatar.
3. Skoða sérstaklega leiðir sem þjóðir innan EES hafa farið – það flýttir framkvæmd gagnvart ESA að fara troðnar slóðir annarra EES-ríkja.
4. Samþykkja og innleiða breytingar.

Kostnaður: Vinnuframlag og einhver smávægilegur útlagður kostnaður, en nettóáhrifin ættu að vera jákvæð fyrir ríkissjóð þar sem um væri að ræða fólk sem annars kæmi ekki til starfa í fyrirtækjum á Íslandi

Áhrif: Gæti átt sinn þátt í að efla uppbyggingu og útflutning tækni- og hugverkagreina á Íslandi og auka fjárfestingu erlendra aðila. Eykur tekjur ríkissjóðs um leið og fólkið er komið í vinnu hér á landi.

Þingnefnd 7

Skattfrádráttur vegna hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtækjum og nýsköpunarsjóðum

Markmið verkefnis: Bæta aðgengi nýsköpunarfyrirtækja að hlutafé, opna möguleika fyrir einstaklinga og sjóði að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum í traustu, heilbrigðu og virku umhverfi. Koma á skipulögðum hlutabréfamarkaði - uppbyggingarmarkaði - fyrir nýsköpunarfyrirtæki.

Hvers vegna þetta verkefni: Það er ekki kreppa í nýsköpun en hins vegar kemur áhættufælmi fjármálastofnana og einstaklinga í veg fyrir að góðar hugmyndir fái brautargengi. Á sama tíma er áhugi hjá fjármagnseigendum að fjárfesta í nýsköpun en þeir hika vegna óvissu og skorts á umgjörð og leikreglum á markaði. Jafnvel er hægt að tala um verulegt atvinnuleysi hjá fjármagninu ekki síður en hjá fólki.

Leiðir: Með því að heimila skattfrádrátt til einstaklinga vegna kaupa á hlutafé í skilgreindum nýsköpunarfyrirtækjum og nýsköpunarsjóðum sem kaupa slík hlutabréf verður aðgengi nýsköpunarfyrirtækja að hlutafé bætt. Það er hins vegar nauðsynlegt að tryggja að viðskipti með þessi bréf verði í skipulögðu ferli (markaði) svo að um raunhæfan kost fyrir minni fjárfesta sé að ræða. Þetta ferli (markaður) er í raun uppbyggingarferli fremur en markaður fyrir kaup og sölu bréfa með tilheyrandi hættu á bóllumyndun. Til að draga úr áhættu einstaklinga þurfa þeir einnig að hafa þann valkost að kaupa hlutafé í skráðum nýsköpunarsjóðum sem kaupa hlutafé í fleiri en einu fyrirtæki. Við hönnun ferlisins þarf að hafa leiðbeiningar ESA og ESB að leiðarljósi.

Greinargerð: Alþingi samþykkti lög um sérstakan frádrátt vegna hlutabréfakaupa einstaklinga í nýsköpunarfyrirtækjum árið 2009, sbr. lög nr. 137/2009. Þau heimiluðu frádrátt allt að 300 þús. kr fyrir einstakling, 600 þús. kr. fyrir hjón og 15 milljónir fyrir lögaðila. Hér er lagt til að mörkin verði hækkuð í allt að 1 milljón kr fyrir einstakling, tvær milljónir fyrir hjón og 50 milljónir króna fyrir lögaðila. Eftirlitsstofnun ESA gerði athugasemdir við þessa lagasetningu og með lögum nr. 165/2010 var heimildin því afnumin. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að heimild gæti fengist samþykkt en á það hefur ekki reynt. Með því að heimila fjárfestingar í skilgreindum nýsköpunarsjóðum er skapaður viðbótar valkostur sem getur dregið úr kostnaði og áhættu einstaklinga. Skilyrt yrði að þessir nýsköpunarsjóðir verði á hlutabréfamarkaði og/eða að stofnaður yrði sérstakur hlutabréfamarkaður þar sem hlutabréf nýsköpunarfyrirtækja/sjóða yrðu skráð.

Stofnun nýsköpunarsjóða gæti einnig verið liður í fyrirliggjandi áætlun um afnám hafta. Í síðari hluta áætlunarinnar er gert ráð fyrir útboði gjaldeyris til kaupa á aflandskrónum til fjárfestingar, m.a. í innlendu hlutafé. Nýsköpunarsjóðir gætu verið kostur fyrir erlenda fjárfesta sem vilja verja aflandskrónum með þessum hætti.

Verkþættir og vörður verkefnis:

1. Skipa verkefnishóp með skýrt umboð og tímamörk um að gera drög að nýju lagafrumvarpi sem tekur mið af framangreindum markmiðum og byggir á viðurkenndum leikreglum innan EES og skapa samstöðu um það.
2. Fá umsögn ESA um frumvarpið.
3. Leggja fram á Alþingi, samþykkja og innleiða.
4. Koma á skráningu, miðlun og markaði fyrir hlutabréf í skráðum nýsköpunarfyrirtækjum (hugsanlega með endastöð á First North).
5. Kynning og eftirfylgni í framkvæmd.

Kostnaður: Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 137/2009 var gert ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs gæti numið 300–350 millj. kr.

Áhrif: Stuðlar að því að góðar hugmyndir og viðskiptatækifæri sem skila verðmætasköpun í þjóðarbúið fái brautargengi. Virkur hlutabréfamarkaður eykur uppbyggingarhraða nýsköpunarfyrirtækja, skapar ný störf og skatttekjur fyrir ríkissjóð, sem að öllum líkindum gera gott betur en vega á móti útgjöldum strax á fyrsta ári.

Þingnefnd 8 (1)

Klasaáætlun um „betri þjónustu fyrir minna fé“ á sviði orku- og umhverfislausna, heilbrigðis- og menntamála

Markmið verkefnis: Að skapa betri og hagkvæmari lausnir til að uppfylla þarfir á þessum sviðum og skapa um leið tækifæri til þróunar á lausnum sem eiga erindi á alþjóðlegan markað.

Hvers vegna þetta verkefni: Á tímum samdráttar verðum við að finna nýjar leiðir til að halda uppi þjónustu og helst bæta hana fyrir minna fé en áður. Það krefst nýrrar hugsunar, nýrra leiða og nýrra lausna. Með öðrum orðum NÝSKÖPUN. Leiðin að þessu marki er í gegnum straumlínuhugsun frá sjónarhóli notenda, klasasamstarf og samkeppnissjóði. Hvatinn til frumkvæðis og samstarfs liggur í að flytja fjármagn til nýsköpunar og þróunar úr föstum fjárlögum stofnana í samkeppnissjóði þar sem forgangsroðun verkefna er tengd við árangur í formi verðmætasköpunar og gildis fyrir land og þjóð.

Leiðir: Verkefnið er hluti af samkomulagi við aðila vinnumarkaðar og ríkisstjórnar varðandi síðustu kjarasamninga. Samkomulagið felur í sér að 150 m.kr. á ári er veitt í sérstaka þriggja ára markáætlun hjá Tækniþróunarsjóði til að virkja samstarf á heilbrigðissviði, menntasviði og orkusviði, m.a í formi klasa. Þessir fjármunir mynda 25% heildarumsvifa verkefna en 75% koma frá fyrirtækjum og samstarfsstofnunum þeirra.

Greinargerð: SI efndu í nóvember 2010 til fundar þar sem fjárlögin voru rýnd með augum nýsköpunar. Tilgangurinn var að skoða hvort hægt væri að sjá tækifæri í fjárlagafrumvarpinu þrátt fyrir niðurskurð. Horft var sérstaklega til útgjalda í mennta-, heilbrigðis-, orku- og umhverfismálum. Framsögumenn og þátttakendur í pallborði, þar á meðal fimm ráðherrar, voru sammála um nauðsyn þess að finna nýjar leiðir til að halda uppi þjónustu hins opinbera og helst bæta hana fyrir minna fé en áður. Fyrir liggur fjármögnun verkefnisins á fyrsta ári og vilyrði ríkisstjórnar í tengslum við kjarasamninga um framhaldsfjármögnun fyrir árin 2012 og 2013. Fyrir Alþingi liggur að tryggja fjármuni til þessa verkefnis á fjárlögum 2012 og 2013.

Verkþættir og vörður verkefnis:

1. Skipa vinnuhóp Rannís, SI, Iðnaðarráðuneytis og HSV.
2. Skilagreina verklag Tækniþróunarsjóðs varðandi verkefnið (liggur fyrir).
3. Standa fyrir stefnumótum fyrirtækja og stofnana á viðkomandi sviðum (jarðvarmi og heilbrigðissvið komið – unnið áfram á öðrum sviðum).
4. Skila inn fyrstu umsóknum 1. nóvember nk.

Kostnaður: 150 milljónir pr. ár 2012 og 2013. Fjármögnun 2011 liggur fyrir (eftirstöðvar iðnaðarmálagjalds frá árinu 2010).

Áhrif: Gæti átt sinn þátt í að efla uppbyggingu og útflutning tækni- og hugverkagreina á Íslandi og auka fjárfestingu erlendra aðila hér á landi. Nettóáhrif á greiðslustöðu ríkissjóðs eru jákvæð strax frá árinu 2011 þar sem fyrirtækin leggja mun meira fram og skila launaskatti af þeim útgjöldum löngu áður en til útgreiðslu kemur úr ríkissjóði. Fyrsta árið er einnig án útgjalda fyrir ríkissjóð þar sem fjármögnun þess er tryggð með eftirstöðvum iðnaðarmálagjalds frá árinu 2010. Auk þessa miða verkefnið að betri lausnum og þjónustu í starfsemi hins opinbera og í framhaldi af því útflutningi með tilheyrandi gjaldeyrisöflun.

Þingnefnd 8 (2)

Samkeppnissjóðir um betri þjónustu fyrir minna fé (2-10%) í tengslum við fjárlög

Markmið verkefnis: Að skapa grundvöll og hvatningu fyrir þróun nýrra lausna í þjónustu hins opinbera og draga úr sóun í formi fastrar áskriftar á fjárlögum án viðleitni til nýsköpunar og umbótastarfs.

Hvers vegna þetta verkefni: Fyrir liggur sterk krafa um niðurskurð og sparnað í opinberum útgjöldum. Þetta kallar á nýjar leiðir til að halda uppi þjónustu hins opinbera og helst bæta hana fyrir minna fé en áður. Verkefnið er sjálfstætt framhald af klasaáætlunarverkefninu (sjá 1), en felur í sér mun stærra umfang sem einnig nær til skipulagsverkefna, endurhugsun í niðurgreiðslum og straumlínulögun ferla í opinberum rekstri með hvatningu til að skapa betri lausnir fyrir minna fé að leiðarljósi t.d. í gegnum samkeppnissjóði.

Leiðir: Að árlega verði 2-10% af fjárlögum á lykilsviðum endurskoðuð og veitt í samkeppnisfarvegi innan viðkomandi sviða sem hafi það að markmiði að þróa nýjar leiðir til að veita betri þjónustu og skila meiri varanlegum árangri fyrir minna fé en áður. Þetta felur í sér mikil tækifæri til nýsköpunar og er hvati fyrir þá sem eru á föstum fjárlögum að leita leiða til umbóta. Samhliða verða til lausnir sem í mörgum tilfellum geta orðið sjálfstæðar söluvörur/þjónusta á markaði og tækifæri til útflutnings. Sérstaklega verði horft til heilbrigðis- og velferðamála, menntamála og orku- og umhverfismála. Auk þess verði niðurgreiðslur til landbúnaðar og rafhitunar á köldum svæðum skoðuð sérstaklega.

Greinargerð: SI efndu í nóvember 2010 til fundar þar sem fjárlögin 2011 voru rýnd með augum nýsköpunar. Tilgangurinn var að skoða hvort hægt væri að sjá tækifæri í fjárlagafrumvarpinu þrátt fyrir niðurskurð. Horft var sérstaklega til útgjalda í mennta-, heilbrigðis-, orku- og umhverfismálum. Góður árangur í rekstri LHS undanfarin tvö ár skapar á vissan hátt gott fordæmi sem litið er til. Framsögumenn og þátttakendur í pallborði, þar á meðal fimm ráðherrar, voru sammála um nauðsyn þess að finna nýjar leiðir til að halda uppi þjónustu hins opinbera og helst bæta hana fyrir minna fé en áður. Lykillinn er skýr stefnumótun, aukið samstarf og samstaða um framkvæmd með heildarhagsmuni lands og þjóðar að leiðarljósi. Þrátt fyrir þennan samhljóm reyndist ómögulegt að koma þessari hugsun á í tengslum við afgreiðslu fjárlaga 2011. Hér er lagt til að þessi leið verði markvisst innleidd við fjárlagagerð árána 2012 og 2013.

Verkþættir og vörður verkefnis:

1. Fara yfir þau svið fjárlaga sem framangreint verklag á við.
2. Ákveða hversu hátt hlutfall á viðkomandi sviðum verði sett í samkeppnissjóðafarveg.
3. Greina hverjir aðrir en fastir áskrifendur fjárlaga geti komið að þróun lausna á viðkomandi sviðum.
4. Skapa farvegi fyrir útboð verkefna og samstarf á viðkomandi sviðum – tengja klasasamstarfi á lykilsviðum (þegar er hafið).
5. Koma í framkvæmd.

Kostnaður: Engin bein útgjöld af hálfu hins opinbera, en fjármunum veitt í nýja farvegi með betri lausnir fyrir minna fé að leiðarljósi.

Áhrif: Betri þjónusta fyrir minna fé – tækifæri til verðmætasköpunar og útflutnings á lausnum.

Þingnefnd 9

Höfuðstöðvar íslenskra fyrirtækja á Íslandi – draga úr áhrifum gjaldeyrishafta á útflutning frá Íslandi

Markmið verkefnis: Að skapa grundvöll fyrir íslensk fyrirtæki í útflutningi að halda höfuðstöðvum sínum á Íslandi og skapa gjaldeyrstekjur til Íslands.

Hvers vegna þetta verkefni: Langvarandi gjaldeyrishöft og síhækkandi bankakostnaður við að flytja fjármuni í ólíkum gjaldmiðlum til og frá Íslandi gerir fyrirtækjum í tækni- og hugverkagreinum erfitt að halda höfuðstöðvum og söluskrifstofum sínum á Íslandi. Dæmi eru um að fyrirtæki í hópi þeirra stærstu séu þegar búin að flytja höfuðstöðvar og fátt virðist koma í veg fyrir að fleiri fyrirtæki fylgi í kjölfarið.

Leiðir: Leita verður allra leiða til að snúa framangreindri þróun við eins fljótt og auðið er. Afnema þarf höft og lækka bankakostnað við gjaldeyrisviðskipti..

Greinargerð: Nýjustu tölur um útflutning í tækni- og hugverkaiðnaði sýna samdrátt, t.d. í útflutningi hugbúnaðarlausna frá Íslandi. Á sama tíma hafa ýmis fyrirtæki í greininni vaxið og farið inn á nýja markaði, m.a. með því að setja upp söluskrifstofur erlendis. Það er ljóst að mikill kostnaður fylgir markaðsstarfinu erlendis og því eðlilegt að fyrirtækin reyni að draga úr kostnaði við að fara með fjármuni sína í gegnum íslensk bankakerfi með tilheyrandi viðskiptakostnaði. Það er því margt sem bendir til að viðskiptin séu að færast í vaxandi mæli í hendur dótturfélaga erlendis sem þá skrifa út reikninga til viðskiptavina og standa straum af markaðsstarfinu erlendis. Þetta hefur í för með sér að umsvif fyrirtækjanna hverfa úr íslenskri lögsögu og hagtölugerð. Til skamms tíma eru þetta varnarviðbrögð en til langs tíma felur þetta í sér flótta fyrirtækja og fólks úr landi.

Verkþættir og vörður verkefnis:

1. Greina stöðu og vanda.
2. Skilgreina tjón og kostnað sem leiðir af gjaldeyrishöftum og háum bankakostnaði.
3. Setja fram tillögur sem fela í sér hvatningu fyrir fyrirtækin að halda þeim hluta starfseminnar sem hagkvæmt er hér á landi.
4. Innleiða nauðsynlega hvata í lög og regluverk eftir því sem við á.

Kostnaður: Vinna við stöðugreiningu, tillögugerð og að innleiða breytingar – áhrifin ættu hins vegar að vera jákvæð kostnaðarlega bæði fyrir fyrirtækin, ríkissjóð, land og þjóð.

Áhrif: Vöxtur í útflutningi frá Íslandi – verðmætustu störf haldast á Íslandi ef farin er leið án haftu og þvingana.